

Hrunamannahreppur  
Akurgerði 6  
845 Flúðir

Garðabær, 1. ágúst 2023  
Málsnúmer: 202307-0018  
IAS

## Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulag

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsgáttinni, dags. 14. júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulag fyrir þjónustusvæði við Brúarhlöð.

Fyrirhugað er að breyta um 6 ha landbúnaðarsvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu. Bílastæði verður stækkað og byggð upp þjónusta fyrir ferðamenn, svo sem gisting, veitingar, salerni og göngustígar. Heildar byggingarmagn getur verið allt að 1.000 m<sup>2</sup>. Svæðið er allt á náttúruminjaskrá, svæði 736, og þar er að finna volgru, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir lýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri. Brúarhlöð eru á náttúrminjaskrá vegna landslags og gróðurs og svæðið er viðkvæmt og þolir illa mikla umferð fólks. Nákvæm staðsetning fyrirhugaðra bygginga kemur ekki fram og því er ómögulegt að meta áhrif breytinganna á verndargildi svæðisins. Hófleg uppbygging og stýring umferðar eftir göngustígum getur haft jákvæð áhrif en hætt er við að mikil uppbygging kunní að raska ásýnd svæðisins og rýra verndargildið.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt til að koma að athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur, á sviði náttúruverndar

